

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsáætlanir í Reykjavík.

*Skúlagötusvæði milli Skúlagötu, Frakkastígs, Lindargötu og lóða Lindargötu 10 og Klapparstígs 1-7, Skuggahverfi, breyting á deiliskipulagi.*

Í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 16. apríl 2002 breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis milli Skúlagötu, Frakkastígs, Lindargötu og lóða nr. 10 við Lindargötu og nr. 1-7 við Klapparstíg, varðandi svokallað Skuggahverfi.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var áður birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 30. október sl., sbr. auglýsingu nr. 744/2002. Er sú auglýsing hér með afturkölluð þar eð ótímabært var að birta hana á þeim tíma þar sem aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024 hafði ekki verið staðfest og auglýsing um gildistöku þess ekki verið birt.

Breytingin hefur fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi og fellur þar með úr gildi eldra skipulag svæðisins.

*Reykjavík, 14. janúar 2003.*

**Helga Bragadóttir** skipulagsfulltrúi.